

afhendingar þar, sem þær eiga að lenda, þegar skipið kemur þangað; en hinum sendingunum skal koma með landpóstum. **127**
14. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgreiðslu á ofheimtuðum tolli.* — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá, að með póstagufuskipinu Arktúrusi hafi í síðustu ferð þess komið hingað til faktors Chr. Zimsens 80 fl. af víni, er á vöruskrá skipsins frá 27. sept. þ. á. hafi verið talið «portvin» og «sherry». Hafið þjer því heimitað 30 aura toll af öllum þessum vínföngum, samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á., en síðan hafið þjer komið að raun um, að ekki hafi verið sherry nema í 30 fl. og rauðavín í hinum 50, og hafi eptir því verið heimitað 7 kr. 50 aur. of mikið í toll. Hafið þjer ætlað, að þjer hefðunð ekki vald til að skila fje þessu aptur, og fyrir því mælt til, að jeg samþykkti endurgreiðslu þess. **128**
14. nóv.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að heri svo til, er lögreglustjóri rannsakar hinar tollskyldu vörur, að honum reynist missagt til þeirra í tollseðli skipsins eða farmskrá, mun ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt 2. gr. laganna frá 11. febr. þ. á., að hann lagfæri tollheimtu sína samkvæmt því, sem sannast hefir, og láti hann vottorð sitt um það fylgja tollreikningnum. Fyrir því mun bæjarfógetanum heimilt að endurgreiða Chr. Zimsen verzlunarstjóra þær 7 kr. 50 aura, er hann hefir ofheimtað í toll, og telja fje þetta með útgjöldum í tollreikningnum, sannizt það, að það hafi verið rangtekið, og verði vottorð lögreglustjóra látið fylgja reikningnum.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um breytingu á dýrleika jarðar.* — Með þóknanlegu brjefi 2. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað bónarbrjef Gísla B. Hjálmarssonar á Æsustöðum, þar sem hann fer þess á leit, að jörð þessi, er orðið hefir fyrir miklum skemmdum síðan hið nýja jarðamat fór fram, verði færð niður að hundraðatali, og spyrjið þjer, hverja aðferð hafa þurfi til þess að fá hundraðatal jarðarinnar leiðrjett. **129**
14. nóv.

Út af þessu verð jeg að leiða athygli yðar að því, að dýrleika þeim, sem ákveðinn er í jarðabókinni frá 1861, verður ekki breytt nema með samþykki löggjafarvaldsins, og skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að framkvæmdarvaldinu muni varla þykja ástæða til að stinga upp á því, að farið verði að breyta dýrleika einnar jarðar, nema því að eins, að það sannist með löglegri skoðunargjörð, að jörðin hafi gengið mjög mikið úr sjer, og það því síður, sem ælla má að eigi verði langt að biða gjörsamlegrar endurskoðunar á öllu jarðamatinu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturundæminu um skiptingu Bjarnanesshrepps í tvo hreppa.* — Með þóknanlegu brjefi frá 25. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef hreppsnefndarinnar í Bjarnanesshreppi, um, að hreppi þessum, sem tekur yfir 3 kirkjusóknir, Bjarnaness, Hoffells og Einholtss, sje skipt í 2 hreppa, og verði Einholtssókn hreppur útaf fyrir sig, en Bjarnanessókn og Hoffellssókn einn hreppur. Sýslunefndin í Skaptafellssýslu hefir mælt með þessari beiðni, og þjer, herra amtmaður, samkvæmt þessum meðmælum lagt það til, að skiptingin verði samþykkt. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að Bjarnanesshreppur hafi að undanfögnu **130**
14. nóv.

130 í raun rjettri verið álitinn 2 framfærslusveitir, hvor annari óháð; hafi Einholtssókn verið
14. nóv. annarsvegar, en Bjarnanes og Hoffellssókn hins vegar, og hvor fyrir sig staðið straum af sínum þurfamönnum eptir þeim reglum, er gilda um sjálfstæða hreppa, og hvor haft sinn sveitarsjóð. Aðskilnaður sá, sem sótt er um, sje því ekki annað en löggilding ástands þess, er nú er, og muni ekki hafa í för með sjer neina skiptingu á sveitarþyngslum eða eignum, er áður hafi verið sameign beggja hreppanna.

Fyrir því úrskurðast samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872, að Bjarnaneshreppur í Austur-Skaptafellssýslu skal vera 2 hreppar eptirleiðis, og skal vestri hreppurinn ná yfir Einholtssókn og nefnast Mýrahreppur, en eystri hreppurinn yfir Bjarnanessókn og Hoffellssókn, og heita Nesjahreppur. Skiptingin skal fara fram undireins og amtmaður samkvæmt 2. gr. tilsk. 4. maí 1872 hefir tiltekið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hinna nýju hreppa og búið er síðan að kjósa í hreppsnefndirnar. Sveitarþyngslum þeim, er liggja nú á Bjarnaneshreppi, og eignum þeim, er hreppurinn á, taka hinir nýju hreppar við að sömu tiltölu og áður fylgdi Einholtssókn annarsvegar, og Bjarnanes og Hoffellssókn hinsvegar.

Fari svo, að síðan komi upp sveitarþyngsli í öðrum hvorum hinna nýju hreppa, er eigi rót sína í fjelagsskap þeim, er staðið hefir milli þeirra að undanfögnu, skal skipta þeim álögum jafot milli hreppanna, og skal skera úr slíkum málum á sameiginlegum fundi beggja hreppsnefndanna.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

131 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
14. nóv. skaðabætur fyrir glataðar peningasendingar með pósti. — Með þóknanlegum brjefum yðar, herra amtmaður, frá 30. oktbr. f. á. og 23. febr. þ. á. meðtók jeg skýringar um 2 peningasendingar, sem komið hafði verið með norðurlandspósti frá Hjarðarholti í Mýrasýslu síðustu ferð hans árið 1872, og voru í annari þeirra 22 rd. 43 sk., er sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu sendi sýslumanninum í Húnavatnssýslu sem skiptaráðanda í dánarbúi Stefáns Hjörleifssonar úr Miðfirði, er hafði druknað það ár, en í hinum 15 rd., er sendir voru af hreppstjóranum í Reykholtssdalshreppi, Gísla Eggertssyni, til prestsins á Kvíabekk, sira Stefáns Árnasonar, og áttu að afhendast Sigurði Sigmundssyni á Minni-Þverá í Fljótum; en hvorug sendingin komst til skila. Hefi jeg síðan leitað frekari skýringar um þetta mál, og tjái nú herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum það, er nú skal greina.

Með því að áminnstar póstsendingar hafa sendar verið áður en tilskipun frá 26. febr. 1872 öðlasti gildi, verða reglur þær, sem settar eru í 13. gr. nefndrar tilskipunar um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar og fyrningu þessarar skyldu, ekki notaðar í máli þessu, og ekki verða heldur greiddar neinar skaðabætur úr póstsjóði fyrir hinar glötuðn sendingar; en þar sem það virðist nægilega sýnt og sannað í málinu, að peningabögglar þeir, er hjer ræðir um, hafi verið sendir á stað með pósti frá Hjarðarholti, og að þeim hafi ekki verið skilað í hendur þeim, er þeir áttu að fara til, frá póstaðgreiðslunni á Hóausum eða á Akureyri, af því þær fundust ekki í póstskrínunum eða pósttöskunum, þegar póstur kom þangað, en aptúr á móti hefir ekki orðið uppgötvað, hvernig peningabögglar þessir hafi glatazt, á meðan þeir voru í vörzlum póststjórnarinnar, þá hefi jeg leyft eptir atvikum, að greiða megi af fje því, sem veitt er með 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda